



Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit

# STARFSLEYFI

fyrir bensínstöð og gasbirgðastöð (Orkan) að Miklubraut 101

Nafn leyfishafa: Skeljungur hf.

Heimilisfang: Borgartún 26

Póstnúmer: 105

Kennitala: 590269-1749

**Útgáfudagur leyfis: 22. janúar 2019      Gildir til: 22. janúar 2031**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða.

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og skilyrðum fyrir bensínstöðvar.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Ef starfsleyfið er gefið út til lengri tíma en fjögurra ára er heimilt að endurskoða það á fjögurra ára fresti. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 22. janúar 2019



**Fylgiskjal 1**

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

## **Orkan / Skeljungur hf.**

kt. 590269-1749-

**Borgartúni 26, 105 R.**

**Starfsleyfi fyrir bensínstöð og gasbirgðastöð með <100 m<sup>3</sup> geymslurými að Miklubraut 101, 108 R.**

### **1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur móttók þann 14.11.2018 umsókn Skeljungs/Orkunnar kt. 590269-1749, um starfsleyfi fyrir bensínstöð með afgreiðsludælur fyrir metan og vetni (gasbirgðastöð með <100m<sup>3</sup> geymslurými að Miklubraut 101. Um breytingar á starfsemi er að ræða en verið er að bæta við vettnisafgreiðslu við þá starfsemi sem fyrir var.

Móttaka umsóknar var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER), [www.reykjavik.is/thjonusta/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur](http://www.reykjavik.is/thjonusta/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur), þann 20.12. 2018. Þá lá fyrir tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, er lagt til að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefdar Reykjavíkur fyrir bensínstöðvar.

### **2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa**

Samkvæmt. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 19.12.2018 sendi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis byggingafulltrúa . Svar hefur ekki borist. Byggingaráform um opnum vetrnstöðvar voru samþykkt hjá embætti byggingafulltrúa 4.9.2018 og byggingarleyfi gefið út 6.11.2108.

### **3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu**

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir Skeljung hf./Orkuna fyrir starfsemi bensínstöðvar með afgreiðsludælur fyrir metan og vetni (gasbirgðastöð með <100m<sup>3</sup> geymslurými að Miklubraut 101, á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 20.12.2018 sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 16.01 sl.



#### **4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

#### **5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### **6. Ákvörðun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis**

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, sjá samþykkt nr. 1052/2015 um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, var ofangreind starfsleyfisumsókn Skeljungs hf/Orkunnar tekin fyrir á 1351. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 22.01. sl. og samþykkt að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina til 12 ára.

#### **7. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsméðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 22.01.2019.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

---

Árný Sigurðardóttir  
framkvæmdastjóri



## **Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi**

### **1. Gildissvið og almenn ákvæði**

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólkni né umhverfi stafi hætta af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðoin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

## **2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði**

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## **3. Meðferð hættulegra efna**

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirsłum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hætta af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

## **4. Meðferð úrgangs og spilliefna**

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
- 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætta á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
- 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
- 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
- 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
- 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
- 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

## 5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skyld að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skyld að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspíllandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökv. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífeldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirsyllingarviðvörum eða yfirsyllingavörum. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðulum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirsylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólp, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

## **6. Eigið eftirlit og skráningar**

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
  - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
  - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
  - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

## **7 Starfsemi hætt**

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímacundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, eftir meðaltíðum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.



## **Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir bensínstöðvar**

### **1. Gildissvið og almenn ákvæði**

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur bensínstöðva í Reykjavík. Sérstaklega þarf að sækja um leyfi fyrir annan rekstur, s.s. þvotta- og bónstöð, smurstöð og matvæladreifingu. Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðar breytingum, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er eftirlitsaðili með starfseminni. Um starfsemina gilda einnig Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari fram með þeim hætti að hvorki fólkí né umhverfi stafi hætta af. Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir eldsvoða, sprengihættu, leka eða mengunarslys vegna starfseminnar.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Rekstraraðila bensínstöðvar ber að hafa tryggingu sbr. gr. 16 í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Staðfestingu á tryggingu skal framvísa í eftirliti.

- 1.11 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.12 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðunum skal ávallt tiltækta á starfsstöðinni og ber rekstraraðili ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.13 Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfisumsóknir, starfsleyfi og eftirlit í samræmi við ákvæði IV viðauka rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

## **2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði**

- 2.1 Notkun, viðhald og umgengni á lóð, athafnasvæði og húsnæði skal vera í samræmi við kröfur í kafla 2 í Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

## **3. Meðferð hættulegra efna, úrgangs og spilliefna**

- 3.1 Almenn meðferð hættulegra efna, úrgangs og spilliefna skal vera í samræmi við ákvæði í köflum 3 og 4 í Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

## **4. Mengunarvarnir og búnaður á bensínstöð**

Auk neðangreindra ákvæða gilda um starfsemina ákvæði í kafla 5 um mengunarvarnir í Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

### **4.1 Olíugeymar og lagnir:**

- 4.1.1 Olíugeymar sem teknir eru í notkun á afgreiðslustöðvum fyrir eldsneyti skulu hannaðir, smíðaðir og prófaðir í samræmi við gildandi staðla um olíugeyma.
- 4.1.2 Neðanjarðar stálgeymar án lekavarnar sem eru í notkun við gildistöku reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi skulu þykktarmældir á 10 ára fresti miðað við dagsetningu síðustu þykktarmælingar. Að öðrum kosti skulu þeir teknir úr notkun. Þó skulu neðanjarðargeymar, einfaldir úr stáli og án lekavarnar, þykktarmældir í fyrsta skipti eigi síðar en 1. janúar 2020, samkvæmt áætlun sem eigandi gerir og heilbrigðisnefnd samþykkir. Þykktarmælingar skulu framkvæmdar í samræmi við ákvæði í gr. 24 í rgl. 884/2017 eða samkvæmt öðrum aðferðum sem Umhverfisstofnun metur jafngildar.
- 4.1.3 Eftirlit skal haft með leka úr öllum neðanjarðargeymum á mánaðarfresti. Lekaeftirlit skal að jafnaði vera birgðauppgjör.
- 4.1.4 Ef notuð er varnarþró á nýrrí bensínstöð skal þróin vera undir neðanjarðarolíugeymum, leiðslum og afgreiðslubúnaði og geta tekið við leka, sem samsvarar a.m.k. rúmtaki stærsta geymisins. Varnarþró skal vera þétt og úr varanlegu efni sem þolir viðkomandi eldsneyti.
- 4.1.5 Fyrir hverja varnarþró geyma skal vera a.m.k. einn eftirlitsbrunnur fyrir lekaeftirlit og skal botn þróarinnar halla inn undir brunninn. Á eftirlitsbrunnum skal vera læst og vandað lok sem auðkennt er sérstaklega.
- 4.1.6 Um gerð og umbúnað olíugeyma og lekavörn ber að fylgja ákvæðum gr. 25.-27. í rgl. nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

- 4.1.7 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu skriflega þegar fyrirhugað er að grafa upp og fjarlægja geyma. Slíkri tilkynningu skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um viðkomandi geyma og notkun þeirra frá upphafi, m.a. birgðauppgjör hvers árs frá fyrsta útgáfuári starfsleyfisins. Einnig skal fylgja viðbragðsáetlun þar sem gerð er grein fyrir hvernig brugðist verði við olíumengun ef hún kemur í ljós við uppgröftinn. Í áætluninni skal tilgreina aðferðir sem nota á til að afmarka mengunina, meðferð mengaðs jarðvegs, förgunaraðferð og förgunarstað. Ennfremur aðra aðila er að málinu er ætlað að koma, hlutverki þeirra ásamt símanúmerum. Gera skal Heilbrigðiseftirlitinu viðvart áður en uppgröftur hefst og áður en taka á gömlu geymana upp úr gryfjunni, svo fulltrúi þess geti komið til eftirlits. Niðurrif olíugeyma, olíuskilja og lagna er byggingarleyfisskylt.
- 4.1.8 Þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olíugeyminn, ásamt lögnum honum tengdum og meðhöndlum í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs. Sé jarðvegur olíumengaður ber að meðhöndlum hann á viðunandi hátt að mati heilbrigðisnefndar og á kostnað rekstraraðila. Heilbrigðisnefnd getur, ef ríkar ástæður krefja, heimilað að gengið sé frá olíugeymi á staðnum, ásamt lögnum honum tengdum, í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.
- 4.1.9 Olíulagnir á afgreiðslustöðvum fyrir eldsneyti/bensinstöðvum skulu vera í samræmi við gildandi staðla um olíulagnir, sbr. viðauka II í reglugerð nr. 884/2017 og gengið frá þeim með viðurkenndu verklagi. Olíulagnir bensinstöðva skulu að jafnaði vera neðanjarðar. Gengið skal frá olíulögnum með þeim hætti að þoli það álag sem búast má við.
- 4.1.10 Á olíulagnir sem eru undir þrýstingi skal tengja þrýstivaka og brotloka.
- 4.1.11 Rekstraraðili skal á tíu ára fresti láta lekaprófa olíugeyma og olíulagnir sem ekki eru í lekavörn. Jafnframt skal gera úttekt á búnaðinum og skrá í rekstrarhandbók.
- 4.1.12 Þrýstiprófa skal olíulagnir eftir breytingar og viðgerðir. Niðurstöður prófana skal skrá í rekstrarhandbók stöðvarinnar.

## **4.2 Geymsla á bensíni og olíum**

- 4.2.1 Bensín skal eingöngu geymt á neðanjarðargeymum. Aðrar olíur skal að jafnaði geyma á neðanjarðargeymum ef geymarnir eru stærri en 1.500 L. Einungis er heimilt að nota ofanjarðargeyma til geymslu fyrir aðrar olíur ef þeir eru varðir gegn hugsanlegum skemmdum af völdum ökutækja og staðsettir innan aðrennslissvæðis olíuskilju.
- 4.2.2 Heilbrigðisnefnd getur heimilað að bensín og aðrar olíur séu geymdar tímabundið á ofanjarðargeymum stærri en 1.500 L t.d. vegna framkvæmda við stöðina. Sækja þarf sérstaklega um leyfi fyrir slíku til heilbrigðiseftirlits. Með umsókn skal fylgja afstöðumynd sem sýnir hvar geymar eiga að vera, upplýsingar um árekstrarvarnir, lekavarir, frágang geyma, ástæðu umsóknar og um til hve langt tíma er sótt um leyfi.

## **4.3 Afgreiðslu- og áfylliplön og búnaður til áfyllinga á geymum.**

- 4.3.1 Afgreiðslu- og áfyllingarplön skulu vera úr lekaheldu og olíuheldu efni og frárennsli frá þeim skal leitt í olíuskilju. Afgreiðslu- og áfyllingarplön skulu ekki taka við afrennsli frá stærra svæði en olíuskiljan er hönnuð til að afkasta.

- 4.3.2 Áfyllipúlt skal gert úr efni sem ver áfyllistúta fyrir hnjasíki og bolir olíur. Púltið skal vera með þéttum botni og afrennsli í olíuskilju eða standa á áfylliplani þannig að afrennsli frá púlti fari í frárennsli plansins. Púltið skal vera læst að jafnaði þannig að óviðkomandi komist ekki auðveldlega að áfyllibúnaðinum.
- 4.3.3 Samskeyti áfyllingarslöngu olíuflutningarbifreiðar og áfyllingarstúta skulu vera þétt.

#### **4.4 Mengunarvarnarbúnaður**

- 4.4.1 Olíu- og sandskiljur skulu vera í samræmi við gildandi staðla hverju sinni, sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Fylgja skal leiðbeiningum Umhverfisstofnunar við val á skiljum, uppsetningu þeirra og frágangi við þær. Frárennsli frá olíuskiljum skal leitt í skólpfráveitu nema heilbrigðisnefnd heimili annað.
- 4.4.2 Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók stöðvarinna. Olíuskiljur skulu búnar sjálfvirkri vöktun. Sé ekki sjálfvirk vöktun á olíuskilju skal mæla a.m.k. mánaðarlega vökva í olíuskilju.
- 4.4.3 Prófa skal virkni olíuskilju með mælingu á olíu í frárennsli skiljunnar. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 ppm (mg/kg). Mæla skal að lágmarki þriðja hvert ár en oftar ef vafi leikur á að kröfur séu uppfylltar.
- 4.4.4 Olíugeymar og olíuskiljur skulu vera með útloftun. Loftunarrör geyma og olíuskilja skulu vera a.m.k. 3 m á hæð og/eða 0,5 m hærri en olíubifreiðin sem notuð er við áfyllingar. Loftunarrör skulu staðsett þar sem loftskipti eru góð og vera fjarri loftinntaki og gluggum húsa þannig að lykt valdi ekki ónæði í nágrenni stöðvarinna.
- 4.4.5 Sjálfvirkur búnaður, svo sem nemar, lokar o.p.h. skal prófaður a.m.k. árlega. Staðfestingu á prófunum skal leggja fram í eftirliti.
- 4.4.6 Á mönnuðum bensínstöðvum skal vera tiltækur mengunarvarnabúnaður til að bregðast við minni mengunaróhöppum. Þjálfa þarf starfsmenn í notkun búnaðarins. Rekstraraðili ómannaðra bensínstöðva skal tryggja getu til að bregðast við áþekkum mengunaróhöppum.

#### **4.5 Afgreiðslubúnaður**

- 4.5.1 Afgreiðslutæki skulu staðsett á upphækkuðum steinsteyptum undirstöðum eða vera á annan hátt tryggilega varin gegn hugsanlegum skemmdum af völdum ökutækja.
- 4.5.2 Afgreiðslubyssa á slöngu afgreiðslutækis skal þannig útbúin að hún loki fyrir rennsli þegar olíugeymir farartækis fyllist. Á slöngu skal vera slitöryggi sem lokar fyrir flæði eldsneytis. Olíuslöngur afgreiðslutækja skulu ekki liggja á jörðinni.
- 4.5.3 Á ómönnuðum bensínstöðvum skulu afgreiðslubyssur þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 4.5.4 Við afgreiðslutæki, áfyllingu og útöndum olíugeyma og olíuskilju skulu vera skilti sem gefa til kynna að óheimilt sé að reykja, nota farsíma og hafa vélar

farartækja í gangi á meðan á afgreiðslu þeirra stendur. Við afgreiðslutæki skulu vera leiðbeiningar með upplýsingum um neyðarsímanúmer.

#### **4.6 Viðbragðsáætlunar, þjálfun og fræðsla starfsfólks**

- 4.6.1 Á bensínstöðinni skal vera til viðbragðsáætlun með fyrirmælum um viðbrögð ef til mengunaróhapps kemur, sbr. kafla VI um viðbrögð við mengunaróhöppum í rgl. 884/2017. Áætlunin skal einnig uppfylla ákvæði laga um varnir gegn mengun hafs og stranda um viðbrögð við bráðamengun. Áætlunin skal liggja frammi á áberandi stað fyrir starfsmenn. Starfsmenn stöðvarinnar sem sinna bensínafreiðslu og starfsmenn rekstraraðila sem þjónusta stöðina skulu fá kennslu og þjálfun í viðbrögðum við mengunaróhöppum, hvernig hindra má íkviknun og draga úr útbreiðslu bruna og myndun mengunarefna. Æfingar skulu veita þekkingu á aðgerðum gegn olíumengun og æfingu í að kalla út þá aðila sem sjá um viðbrögð vegna mengunaróhappa. Í áætluninni skulu einnig vera upplýsingar um tilkynningarskyldu við óhöppum og köllunarskrá. Skrá skal þjálfun starfsmanna í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Uppfæra skal viðbragðsáætlunina eftir því sem við á við breytingar á starfsemi, aðstæðum eða efnum á stöðinni.
- 4.6.2 Yfirmenn stöðva, vaktstjórar og útimenn svo og bifreiðastjórar olíuflutningabíla skulu settar starfsreglur af eiganda eða rekstraraðila eftir því sem við á. Þeir skulu fá reglulega þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til þess að vinna á stöðinni. Starfsmenn bensínstöðva skulu einnig fá kennslu og þjálfun í viðbrögðum við mengunaróhöppum. Þjálfun starfsmanna skal skrá í rekstrarhandbók.

#### **4.7 Rekstrarhandbók**

- 4.7.1 Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir hverja bensínstöð og skal hún vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila. Skráningar í rekstrarhandbók er heimilt að vista miðlægt. Í handbókinni skulu koma fram tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki svo og olíugeyma, olíu- og sandskiljur, olíulagnir og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, slökkvibúnað, útsláttarrofa fyrir dælubúnað, dælu- og rafbúnað ásamt afstöðumynd stöðvarinnar.

4.7.2 Í rekstrarhandbókina skal skrá innra eftirlit s.s.:

- eftirlit með lekum,
- birgðauppgjör,
- mælingar í olíuskilju og lekavörn eftir því sem við á,
- eftirlit með millibyrði á tvöföldum geymum,
- eftirlit, prófanir, bilanir, breytingar og viðhald á tækjum og búnaði stöðvarinnar, þ.m.t. mengunarvarnarbúnaði,
- þrýsti- og lekaprófanir á geymum og lögnum,
- þykktarmælingar á geymum,
- árlegar prófanir á sjálfvirkum búnaði s.s skynjunar- og viðvörunarbúnaði og yfirfyllingarvörn,
- óhöpp sem leitt hafa til mengunar eða mengunarhættu,
- fræðslu og þjálfun starfsmanna
- önnur atriði fleira eftir ákvörðun Heilbrigðiseftirlitsins.

## **5. Starfsemi hætt.**

- 5.1 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur ef starfsemin er lögð niður með a.m.k. mánaðar fyrirvara.
- 5.2 Ef starfsemin er lögð niður skal fara með olíugeyma í samræmi við gr. 4.1.7 og 4.1.8.
- 5.3 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum í kafla 7 í almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi þegar starfsemi er hætt.

## **6. Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði í gr. 4.4.2 er heimilt að olíuskiljur sem eru til staðar við gildistöku rgl. 884/2017 verði ekki útbúnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði fyrr en fimm árum eftir gildistöku reglugerðarinnar eða í nóvember 2022.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.

## Lýsing á starfsemi og eftirliti vetnisstöðva Íslenska Vetrnifélagsins og Skeljungs.

Íslenska Vetrnifélagið ehf. sem er dótturfélag Skeljungs hf. er aðili að verkefni á vegum Evrópusambandsins, Hydrogen Mobility Europe sjá nánar [www.h2me.eu](http://www.h2me.eu).

Markmið þessa verkefnis er að stuðla að útbreiðslu vetrnibifreiða með því að veita eigendum vetrnibíla aðgang að neti vetrnisstöðva í Evrópu og á Íslandi verða teknar í notkun alls 3 stöðvar í verkefninu, þar af hófu 2 stöðvar starfssemi í júní 2018, í Reykjavík og í Reykjanesbæ og sú þriðja mun hefja starfsemi við Miklubraut í Reykjavík á fyrsta ársfjórðungi 2019, auk þess sem framleiðsla á vetrni fyrir stöðvar hefst á árinu 2019 í samvinnu við Orku Náttúrunnar. Verkefnið felur einnig í sér stuðning við kaup vetrnibíla, sem tryggir rekstur allt að 30 bíla sem íslensk Nýorka hefur milligöngu um að útvega.

Vetrni í samgöngum er orkuberi fyrir rafmagn og vetrnibílar eru rafbílar búnir efnarafal (Fuel Cell). Venjulegur fólksbíll hefur geymi fyrir allt að 7 kg. vetrni í 175 lítra geymi. Drægni vetrnibíla af nýjustu kynslóð er 5-700 km. og notkun þeirra er 0,9-1kg. vetrni á hverja 100 km. og áfylling á vetrnisstöð tekur um 3-4 mín. Með uppbyggingu innviða fyrir vetrnibíla og framleiðslu vetrni er tekið stórt skref í átt að orkuskipum í samgöngum á Íslandi, þar sem vetrnibílar mun skipa stóran sess til framtíðar að mati Skeljungs.

Vetrni verður flutt til vetrnisstöðva á gasformi undir þrýstingi. Við prófanir og uppkeyrslu stöðva kemur vetrnið frá Danmörku og er þá við 200 - 300 bar þrýsting, en eftir að vinnsla vetrni hefst hér á landi, verður vetrnið sem kemur til stöðva við 200 bar þrýsting. Vetrnið sem gas er léttara en andrúmsloft og stígur hratt upp, er ósýnilegt, án lyktar og bragðs og mjög eldfimt. Fyrstu 2 árin mun vetrnið verða flutt á stöðvar í búntum sem innihalda 18 stk. 50 lítra flöskur hvert, um 10 kg. í hverju búnti. Á hverri stöð má gera ráð fyrir að 8 – 12 búnt af vetrni séu til staðar og 4 þeirra tengd við stöðina á hverjum tíma. Þegar frá líður verða tekin í notkun stærri fleti (H2 trailer) sem rúma um 200 kg. vetrni hvert og 200 kg. vetrni jafngilda jarðefnaeldsneyti fyrir fólksbíl til amk. 20.000 km. aksturs.

Vetrnisborgir stöðvar verða við 200 bar þrýsting og tengdar við afgreiðslustöð og þjöppu, sem hækkar þrýsting í 2 þrepum inn á afgreiðslugeyma sem eru hluti stöðvarinnar. Fyrra þrepíð er 133 lítra geymir sem rúmar 3,89 kg. vetrni við 500 bar þrýsting. Síðara þrepíð er 8 stk. 50 lítra geymar sem rúma mest samtals 19,6 kg. vetrni við 1000 bar þrýsting. Prýstingur við afgreiðslu á ökutæki miðast við 700 bar, en þrýstingur getur að hámarki orðið 875 bar í geymi ökutækis og er það m.a. háð hitastigi.

Hámarks afköst búnaðar eru 6 áfyllingar á klukkustund miðað við 3ja klukkustunda samfellda notkun. Samskipti á milli afgreiðslubúnaðar og ökutækis eru skv. alþjóðlegum staðli sem framleiðendur búnaðar uppfylla og bílaframleiðendur krefjast. Þessir staðlar eru SAE J2601 og SAE J2799.

Til að tryggja örugga áfyllingu, þá er vetrnið kælt niður í -40°C fyrir áfyllinguna með kælibúnaði í stöð. Vetrnisstöðin er hönnuð og byggð til að ganga sjálfvirk 24 tíma á sólahring – 365 daga á ári. Til að svo sé unnt er hún útbúin búnaði sem tyggir stöðugt eftirlit, með sjálfvirkum viðbrögðum og inngrípum frá stjórnborði, sem er hjá framleiðanda í Herning í Danmörku. Daglegt og reglubundið eftirlit á staðnum fer skv. viðhaldsáætlun og verður í höndum starfsmanna og þjónustuaðila Skeljungs sem fá til þess sérstaka þjálfun, en 12 mánaða eftirlit og viðhald á staðnum er sinnt af framleiðandanum NEL Hydrogen. Framleiðandi búnaðar skilar stöðvum tilbúnum til rekstra með öllum merkingum og handókum (Manual and Instructions og Service Manual), eftir úttekt vottunaraðila Burea Veritas sem fram fer að lokinni uppsetningu búnaðar.

Við opnun stöðvarinnar mun liggja fyrir viðbragðsáætlun og öryggisplan, sem sýnir staðsetningu vetrni og helstu varúðarmerkingar. Varðandi frekari upplýsingar, vinsamlega hafið samband við undirritaðan.

Reykjavík, 15. desember 2018

Skeljungur hf.  
Ólafur Jónsson.

## **Greinargerð fyrir starfsemi bensínstöðvar Miklabraut 101 í Reykjavík.**

Á Miklabraut 101, 105 Reykjavík er er starfrækt bensínstöð sem rekin er af Skeljungi hf. kt. 590269-1749 skv. gildandi starfsleyfi frá 10. júní 2014 og sem gildir til 10. júní 2026. Undir það starfsleyfi fellur núverandi rekstur bensínstöðvar, þar sem selt er jarðefnaeldsneyti og metan. Auk starfsemi Skeljungs þá er sjálfstæður veitingarekstur á vegum Dirty burger & ribs í húsnæði Skeljungs á lóðinni, skv. sérstöku starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, ekki verður gerð frekari grein fyrir þeiri starfsemi hér og hún er ótengd Skeljungi.

Greinargerð þessi er skrifuð í tengslum við auglýsingu á nýju starfsleyfi, vegna breytinga á starfseminni, sem samþykktar hafa verið af byggingarfulltrúanum í Reykjavík og fela í sér uppsetningu búnaðar til afgreiðslu vetrnis á austurhluta lóðarinnar.

Hér fer stutt samantekt á búnaði og fyrirkomulagi núverandi starfsemi Skeljungs á lóðinni vegna geymslu og afgreiðslu á bensíni, diesel og metan og síðan er gerð grein fyrir rekstri vetrniss töðvar.

### Eldsneytisgeymar – Teikning Ferils nr. 460-6-102-B

Á lóðinni eru 2 stk. 60.000 lítra tvöfaldir stálgeymar, hvor um sig með tveimur, 30.000 lítra hólfum, framleiddir af CGH í Póllandí árið 2013. Framleiðslunúmer þeirra er 10314 og 10315.

Geymar eru framleiddir samkvæmt EN 12285-1:2003 Class A staðli. Geymar hvíla á sandlagi og fyllt er að tönkum með sama efni. Geymum hallar um 0,5% að mannopum. Fyllt er á geyma frá tankbíl og eru geymar búrir yfiráfyllingarvörn sem tengist tankbíl, til að koma í veg fyrir yfiráfyllingu geymis. Bensíngeymar stöðvarinnar eru búrir gufusöfnunarkerfi, sem tengist tankbíl við áfyllingu þeirra. Tankbíll tekur við þeiri gufu sem vöki ryður frá sér við áfyllingu jarðgeymis og við næstu lestun tankbíls í birgðastöð ryður vökvinn bensíngufum frá sér í endurnýtingarbúnað birgðastöðvarinnar.

### Eldsneytislagnir – Teikning Ferils nr. 460-6-102-B

Eldsneytislagnir eru fóðruð polyethylen plaströr (UPP double walls pipes) frá Petro Technik Ltd. Suffolk í Bretlandi. Þær eru framleiddar samkvæmt breskum staðli, BS EN 124:1994 og hafa þær hlotið samþykki Mannvirkjastofnunar (áður Brunamállastofnun ríkisins). Eldsneytislagnir liggja í sandi undir yfirborði lóðar og halla frá dælum að tankastæði. Eldsneytislagnir eru tengdar við sogaelur þannig að ekki er þrýstingur á kerfinu, nema undirþrýstingur þegar dælt er.

### Afgreiðslueyjar – Teikning Ferils nr. 460-6-102-B

Dælur standa á upphækkuðum afgreiðslueyjum og undir hverri eldsneytisdælu er plastkassi eða sumpur, frá framleiðanda eldsneytislagna, með afrennsli sem tengt er olíuskilju stöðvarinnar.

### Fráveitukerfi – Teikning Ferils nr. 460-2-100-B og 460-2-101-D.

Fyrirkomulag lagna má sjá á teikningum fyrir fráveitukerfi. Fráveitulagnir eru úr plasti og við þær eru tengdar 2 olíuskiljur með vöktunarþúnaði. Núverandi sand olíuskilja er merkt nr. 2 og er hún tengd 105 m<sup>2</sup> afgreiðsluplaní. Ný sand og olíuskilja sem merkt er nr. 1 og verður hún tengd 50 m<sup>2</sup> áfyllingarplani. Báðar skiljur er af gerð I, vökvárummál er 2240 lítrar, olíuráummál er 2375 lítrar og stærð sandrýmis er 1030 lítrar.

### Metan forðageymsla og afgreiðslubúnaður – Teikning Mannvits nr. ME-D02-002 og PL-D02-001.

Metangas er geymt í gaskútum sem tengdir eru saman í færanlegum gámafletum. Tvö slík fleti er á vesturhluta lóðarinnar. Hvert gámafleti getur geymt flöskur sem rúma samtals 2385 Nm<sup>3</sup> (normal rúmmetrar) af metani við 200 bar. Heilum gámafletum er skipt út eftir þörfum. Til að tryggja ávallt lágmarks gasþrýsting til viðskiptavina er metangasið leitt frá gámafleti að gasþjöppu sem tengist með lögn neðanjarðar að metanafgreiðsludælustöð á dæluplaní stöðvarinnar.

## Aðföng.

Á bensínstöð Skeljungs eru til sölu 2 tegundir jarðefnaeldsneytis; 95 oktan bensín og diesel olía og auk þess metangas. Eldsneyti er ekið á stöðina með tankbílum, sem lesta eldsneyti í olíustöðinni Örfirisey. Eldsneytinu er dreift á stöðina eftir dreifingarplani sem tekur mið af birgðastöðu á hverjum tíma. Tímasetning og stærð farms er ákveðin fyrirfram í tíma og miðað við að hverju sinni sé farið með fullfermi til að lágmarka ferðafjölda.

Metangasi er ekið á stöðina í gámafletum. 2 fleti eru á stöðinni hverju sinni, eitt í notkun og annað tilbúið til notkunar og það þriðja er í áfyllingu við framleiðslustað Álsnesi. Þegar fleti tæmist fær flutningsaðili rafræna tilkynningu, þá er fletið sótt og því ekið að átöppunarstað og fullt fleti flutt til baka.

## Úrgangur.

Úrgangur frá starfsemi bensínstöðvar felst í sorpi sem viðskiptavinir skilja eftir á stöðinni og úrgangi sem hreinsaður er frá sand- og olíuskiljubúnaði stöðvarinnar. Móttaka og losun úrgangs er framkvæmd af þjónustuaðilum sem starfa skv. starfsleyfum.

## Lýsing á innra eftirliti bensínstöðvar.

Innra eftirlit stöðvarinnar byggir á ákvæðum í starfsleyfi og kröfum í reglugerð. Þar sem um sjálfsafgreiðslustöð er að ræða þá er eftirlit á stöðvum Skeljungs miðlægt. Til staðar er rafrænt eftirlit, með birgðum, þrýstingi og fjargæsla er möguleg með myndavélakerfi. Starfsmenn þjónustu-verkstæðis fara síðan reglulega á milli stöðva, til eftirlits og þrifa, og bregðast við frávikum eins og tilefni er til.

Til staðar er bilanavakt í uppgeftum bakvaktarsíma, þar sem tekið er á móti tilkynningum um bilanir og óhöpp. Síma er svarað af þjónustuveri á skrifstofutíma, en bakvakt utan þess tíma. Brugðist er við öllum tilkynningum. Sérstakt neyðarnúmer er til staðar, sem tengt er stjórnstöð Securitas og svarað allan sólhringinn, alla daga ársins. Þar er tekið við boðum og brugðist við eftir eðli máls.

Helstu þættir innra eftirlits felast í eftirliti með olíuskilju og fráveitu og eftirliti með birgðum. Eftirlit með olíuskilju er framkvæmt af starfsmanni Skeljungs – mánaðarlega og skráð. Olíuskilja er tæmd eftir þörfum og olíumenguð vatni fargað með úrgangsoliú.

Eftirlit með birgðum og sölu er miðlægt og allar skráningar eru gerðar á aðalskrifstofu. Aflestur birgða og sölu er skv. rafrænum gögnum og aflestri og byggja á eftirfarandi.

- a) Aflestur birgða. Skráning fer fram handvirkt, þ.e. byggt er á raunverulegri stöðu tanks eða tegundar skv. rafrænum aflestri, á tilteknim tíma (t.d. miðnætti um mánaðarmót) og að teknu tilliti til þess hver uppgjörstími söluskráningar er. Hér er leitast við að birgðastaða, sé tekin á sama eða svipuðum tíma og sölu- og tekjuskráning. Allur aflestur, á hverjum stað og á hverjum tíma er eins, rafrænn og samræmdur og því ekki háður mismunandi verklagi.
- b) Ákeyrsla birgða. Allar færslur um áfyllingu berast rafrænt í vöruhús gagna. Skráningaraðili getur að öllu jöfnu sannreynt að birgðir hafi farið á réttan sölustað og/eða réttan eldsneytisgeymi, þar sem hann hefur aðgang að sögulegum birgðaupplýsingum á hverjum tíma.
- c) Bókun rýrnunar. Upplýsingar byggja á birgðum í upphafi, bókuðum innkaupum og afgreiddu magni á tímabili. Frávik geta komið til ef einhver mistök verða við skráningu eða sendingu upplýsinga og er þá við birgðaskráningu leitað skýringa.
- d) Óvissuþættir eru til staðar í þessu ferli og sem hafa þarf í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar. Stærð sölustaðar og umfang gegnumstreymis hefur áhrif. Öll frávik þarf að skoða bæði hlutfallslega og magnlega, þar sem %-tala aukningar eða rýrnunar getur verið há, ef umfangið er lítið.
- e) Rýrnun byggir á uppgjöri þar sem margir þættir geta haft áhrif á niðurstöðu.

- Í fyrsta lagi þá eru vörukaup á bensínstöð miðuð við raunhitastig eldsneytis og er því breytilegt á milli árstíma.
- Í öðru lagi þá er birgðamæling á hverjum tíma á bensínstöð miðuð við raunhita í geymi. Meðal hitastig eldsneytis í jarðgeymi er að öllu jöfnu  $<3^{\circ}\text{C}$  en er háð veltuhraða birgða. Af þeirri ástæðu þá getur orðið til hitastigsýrnun. Það er færri lítrar eru seldir á bensínstöð en keyptir eru inn.
- Í þriðja lagi þá eru mælingar á magni eldsneytis ráðandi varðandi bókaðar færslur, svo sem það sem mælt er af birgðageymi, það sem mælt er af flutningstæki og það sem mælt er við sölu frá dælu. Frávik eða misræmi á mismunandi birgðastigi, getur skilað sér í aukningu eða rýrnun, það er eitthvað sem haft er í huga við brigðaskráningu, aukning á einum birgðastigi getur komið fram sem rýrnun á öðru birgðastigi.
- Í fjórða og síðasta lagi, þá geta uppgjörstímabil orsakað skekkjur ef þau eru ekki algerlega samræmd, þetta á við um ákeyrslu, mælingu birgða og sölutímabil.

Við færslu birgða og sölu og skráningu rýrnunar, þarf að líta til framangreindra atriða og leggja mat á þau við viðbrögð. Frávik sem ekki fást skýrð að öllu leyti, eru sérstaklega skoðuð að mánuði liðnum.

Viðbrögð við frávikum sem koma upp, koma fram við brigðaskráningu, þar sem rýni talna fer fram á hverjum tíma og viðbrögð ráðast af mati og innsæi þess sem skráir og hefur heildaryfirsýn. Viðbrögðin ráðast af því að kalla eftir réttum tölum þegar svo ber undir, leiðréttu skráningu eða tegundarheiti þegar það blasir við eða kalla eftir skýringum og endurtaka hluti og kafa dýpra í gögn.

Segja má að með meiri ögun í meðferð og skráningu upplýsinga á frumstigi og hjá bílstjórum Skeljungs, aukinni sjálfvirkni og rafrænum gagnakeyrslum og þeirri staðreynd að mistök koma oftar en ekki í ljós við skráninguna, sem felur í sér að kallað er eftir frekari gögnum og upplýsingum. Allt hefur þetta leitt til bættra vinnubragða.

Eftir að skráning upplýsinga hófst í vöruhús gagna, þá hafa verið þróaðar skýrslur, sem eru sjálfvirkar samantektir, sem sýna frávik liðins mánaðar á stöð og á tegund, ásamt því að sýna 12 mánaða tímabil.

### **Starfsemi vetnisstöðvar.**

Sú breyting sem er tilefni útgáfu á nýju starfsleyfi bensínstöðvar Skeljungs við Miklubraut 101 í Reykjavík, kemur til af uppsetningu búnaðar til geymslu og afgreiðslu á vetni. Um er að ræða opnun á vetnisafgreiðslu, þar sem einni afgreiðsludælu fyrir vetni er bætt við núverandi dælur, ásamt því sem bætt er við nauðsynlegu tæknirými og búnaði til geymslu og afgreiðslu á austurhluta lóðarinnar. Um er að ræða sambærilegan búnað og settur hefur verið upp á vetnistöðvum við Vesturlandsveg í Reykjavík og Fitjar í Reykjanesbæ.

Stöðin er samsett úr einingum sem hver um sig og sem ein held er CE merkt. Starfseminni er nánar lýsti í sér skjali sem er hjálagt; *Lýsing á starfsemi og eftirliti vetnisstöðva Íslenska Vetrnifélagsins og Skeljungs des. 2018.docx*

Embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík, samþykkti byggingu vetnisstöðvarinnar 4. september 2018 og fylgja teikningar DAP arkitekta starfsleyfisumsókninni, sjá nánar teikningar 16-09-N (99) 1.01 til 1.03. Starfsleyfisumsókninni fylgir einnig texti brunahönnunar á íslensku.

Áður en starfsemi stöðvarinnar hefst og fyrir lokaúttekt eftirlitsaðila, verður lögð fram viðbragðsáætlun og öryggisfyrirkomulag fyrir stöðina og unnin verður aðkomuáætlun í samvinnu við SHS.

Skeljungur hf.

Reykjavík 15. desember 2018

Ólafur Jónsson.



MANNVIT

# NÝ VETNISSTÖÐ VIÐ MIKLABRAUT

# BRUNAHÖNNUN

# ÍSLENSKA VETNISFÉLAGIÐ EHF.

SKJALANÚMER: 2110158-000-HRP-0001	NÚGILDANDI ÚTGÁFA: 1.0					
1.0	30.8.2018					
1. Útgáfa	GIP					
ÚTGÁFA	DAGS. ÚTG	ÚTGÁFUSTAÐA	HÖFUNDUR	RÝNIR	SAMÞYKKT	VERKKAUPI

## Samantekt brunavarna (texti til birtningar á aðalupplifðum)

Nánar er fjallað um brunavarnir vettisafgreiðslustöðvar og viðeigandi búnaðar í greinargerð Mannvits um brunahönnun fyrir stöðina, dagsett í ágúst 2018.

Stöðin er hönnuð og uppsett á grunni alþjóðlegrar tækniforskriftar fyrir vettisafgreiðslustöðvar, ISO/TS 19880-1:2016 „Gaseous hydrogen - Fueling stations – Part 1: General requirements“. Allur búnaður í stöðinni er CE merktur í samræmi við viðeigandi Evróputilskipanir. ATEX svæði, þ.e. sprengihættusvæði, hafa jafnframt verið skilgreind fyrir stöðina, sjá nánar í greinargerð Mannvits.

Stöðin er útbúin með vettisskynjurum, brunaskynjurum og reykskynjurum. Við leka á vettini eða brunaboð lokar stöðin sjálfkrafa og kerfislagnir eru tæmdar sjálfvirkum um útloftunarrör. Í þjöppurými verður jafnframt settur upp reykskynjari, tengdur við viðurkennda vaktstöð. Hnappar fyrir neyðarstopp verða jafnframt staðsettir á viðeigandi stöðum eins og aðalupplifður sýnir.

Lagnir og forðageymslur fyrir vettini eru allar tengdar við öryggisloka sem hleypa gasi út við tiltekinn yfirþrysting. Með þessu er komið í veg fyrir að lagnir og hylki rofni vegna brýstiáraunar. Framleiðandi hefur í tengslum við CE vottun stöðvarinnar látið gera ítarlega áhættugreiningu sem á að tryggja að viðeigandi varnarbúnaður sé ávallt til staðar. Útdrátt úr áhættugreiningunni er að finna í viðauka við greinargerð Mannvits um brunahönnun stöðvarinnar. Helstu lágmarksfjarlægðir að öðrum mannvirkjum eru skv. ISO/TS 19880-1:2016, sjá nánar í greinargerð Mannvits.

Vettini verður ekki framleitt í afgreiðslustöðinni heldur flutt þangað í sérstökum TPED vottuðum flutningseiningum. Flutningseiningarnar verða síðan tengdar við stöðina og vettinu þjappað inn á staðbundna vettisgeymslu og það síðan afgreitt á ökutæki. Vettisgeymslur verða staðsettar þannig að ytri hættur eiga ekki að geta ógnað þeim. Meðal annars verður járnþentur steinsteypuveggur, sem nær að lágmarki 0,5 m upp fyrir hæsta punkt á flutningseiningu, reistur til að varna mögulegum ytri hættum frá aðliggjandi umferðargötum og áfyllingarplani fyrir olíuflutningabíla.

Veggir og öryggishlið utan um stöðina hindra óviðkomandi aðgengi og tryggja að kröfur um öryggisfjarlægðir eru uppfylltar skv. ISO/TS 19880-1:2016, sjá nánar greinargerð Mannvits. Gönguhurðir, opnanlegar innan frá, verða á mótlægum hliðum stöðvarinnar til að tryggja öruggar flóttaleiðir frá stöðinni í neyðartilvikum.

Mannvirki bensínstöðvar eru staðsett samkvæmt reglum um brunavarnir bensínstöðva.

Reykingar og meðferð opins elds er bönnuð á allri lóðinni.

Handslökkvibúnaður verður staðsettur samkvæmt leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar og fyrirmælum eldvarnareftirlits.

Reglulegt eftirlit verður með öllum búnaði í stöðinni og allir hlutir m.a. lekaprófaðir skv. fyrirmælum framleiðanda búnaðarins. Virkt eigið eftirlit og viðhald með brunavörnum í stöðinni skal vera uppsett ásamt viðeigandi viðbragðsáætlunum. Gera skal sérstaka aðkomuáætlun fyrir slökkvilið í samráði við Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins.

## Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur .....</b>	<b>1</b>
1.1    Almennt .....	1
1.2    Markmið og afmörkun verkefnis .....	1
<b>2. Lýsing á staðháttum og starfsemi.....</b>	<b>1</b>
<b>3. Brunavarnir og aðrar öryggisráðstafanir.....</b>	<b>2</b>
3.1    Almennt .....	2
3.2    Öryggisfjarlægðir .....	3
3.3    Sprengihættur (ATEX) .....	5
<b>4. Niðurstaða .....</b>	<b>5</b>
<b>Viðauki A    Tæknilegar upplýsingar frá framleiðanda .....</b>	<b>A-1</b>

## 1. Inngangur

### 1.1 Almennt

Íslenska vetrnisfélagið ehf. hyggst setja upp nýja vetrnisstöð við Miklabraut í Reykjavík, þar sem viðskiptavinir geta dælt vetrni á farartæki. Nú þegar hafa verið settar upp tvær samskonar stöðvar, önnur við Vesturlandsveg í Reykjavík og hin við Fitjar í Reykjanesbæ.

Um er að ræða samstarfsverkefni Íslenska vetrnisfélagsins og norska fyrirtækisins Nel ASA. Íslenska vetrnisfélagið er dótturfélag Skeljungs en Nel er framleiðandi vetrnisstöðva sem nýttar eru í verkefninu. Nel hefur mikla reynslu og þekkingu á sviði vetrnismála og hefur tekið þátt í sambærilegum samstarfsverkefnum í Danmörku og Noregi. Hefur félagið til að mynda reynslu af uppsetningu yfir 30 vetrnisstöðva vítt og breitt um Evrópu.

### 1.2 Markmið og afmörkun verkefnis

Markmiðið er að gera grein fyrir nauðsynlegum brunavörnum í tengslum við nýja vetrnisstöð til að uppfylla lög um brunavarnir nr. 75/2000 [1] og byggingarreglugerð nr. 112/2012 [2] með áorðnum breytingum.

Greinargerðin fjallar ekki sérstaklega um brunavarnir annarra mannvirkja á lóðinni, þ.e. veitingaskála og bensín- og metanstöðva, enda eru þau mannvirki áður samþykkt og reiknað með að þau uppfylli tilskyldar lágmarkskröfur. Gerð er þó grein fyrir öllum öryggisfjarlægum milli vetrnisstöðvar og annarra mannvirkja á lóðinni sem og fyrir utan lóð.

## 2. Lýsing á staðháttum og starfsemi


Vetrnisstöðin verður byggð upp á lóð við Miklabraut 101. Hún verður algerlega ný og með nýjum búnaði. Stöðin er samsett úr einingum sem hver um sig og sem ein heild er CE merkt. Vetrnisstöðin sem heild er afhent og uppsett af framleiðanda, tilbúin til rekstrar og afgreiðslu vetrnis á vetrnisbifreiðar. Vetrnið er framleitt annars staðar með rafgreini og flutt til stöðvarinnar með flutningseiningu. Vetrnisstöðin er hönnuð til að afgreiða vetrnisgas á fólksbíla við 700 bar þrýsting. Afköst afgreiðslu eru allt að 212 kg á sólarhring miðað við 700 bar þrýsting.

Flutningseiningin er tengd við stöðina og gasþjappa í afgreiðslustöð þjappar vetrni af henni og inn á afgreiðslugeymslu, sem er undir 450-900 bar þrýstingi. Vetrnið er síðan afgreitt af geymslunni og yfir á ökutæki með afgreiðslubúnaði. Afgreiðslunni er stýrt úr afgreiðslustöð þar sem vetrnið er kælt í -40 °C og örugg afgreiðsla á ökutæki er tryggð. Afgreiðslan uppfyllir og er í samræmi við alþjóðlega staðla SAE J2601 [3] og J2799 [4], sem krafist er af bílaframleiðendum. Allur búnaður stöðvarinnar verður prófaður, tekinn út og staðfestur af bílaframleiðendum fyrir notkun og með því staðfest að hann sé í samræmi við SAE J2601 staðalinn [3].

Myndir 1 og 2 hér að neðan sýna dæmigert útlit af samþyggðri vetrnis- og bensínstöð ásamt dælubúnaði.



Mynd 1. Skýringarmynd af sambyggðri vetrnis- og bensínstöð [5].



Mynd 2. Skýringarmynd af vetrnisafgreiðslutæki og búnaði því tengdu [5].

### 3. Brunavarnir og aðrar öryggisráðstafanir

#### 3.1 Almennt

Vetnisstöðin er öll byggð á grunni ISO/TS 19880-1 tækniforskriftarinnar [5]. Allur búnaður í stöðinni er CE merktur í samræmi við viðeigandi Evróputilskipanir.

Allur viðkvæmur búnaður er innan steypta veggja og/eða tilhlýðilegar fjarlægðarkröfur uppfylltar. Þessar varúðarráðstafanir eru fyrst og fremst hugsaðar til að hindra að utanaðkomandi hættur, t.d. vegna eldsvoða í farartæki, geti ógnað stöðinni. Steyptir veggir og öryggisgirðing verja stöðina fyrir mögulegum utanaðkomandi neista- og hitagjöfum.

Stöðin verður lokað með læstu hliði og aðgangur takmarkaður við þjálfaða starfsmenn sem sinna viðhaldi og rekstri stöðvarinnar. Gasskynjarar, auk brunaskynjara, verða settir upp í rými þar sem líklegt er að vetrni geti safnast fyrir og þeir tengdir við stjórnstöð framleiðanda búnaðarins, NEL í Danmörku. Jafnframt verður settur upp reykskynjari í þjöppustöð og hann tengdur við viðurkennda vaktstöð hér á Íslandi. Stöðin verður síðan útbúin með viðeigandi slökkvitæki.

Gönguhurðir, opnanlegar innan frá, verða á mótlægum hliðum stöðvarinnar til að tryggja öruggar flóttaleiðir frá stöðinni í neyðartilvikum.

### 3.2 Öryggisfjarlægðir

Engar almennar, íslenskar, evrópskar eða alþjóðlegar reglur eru til um ákvörðun öryggisfjarlægða frá vetrissstöðvum. Mjög mismunandi viðmiðanir eru notaðar til að ákvarða þessar öryggisfjarlægðir hjá ólíkum þjóðum, sjá töflu A.1 í tækniforskrift ISO/TS 19880-1 [5].

Við teljum eðlilegt að nota öryggisfjarlægðir samkvæmt kanadískum reglum [6] sem viðmiðanir fyrir vetrissstöðina við Miklubraut, enda eru þessar reglur sérstaklega útfærðar fyrir vetrissstöðvar og taka til fleiri viðeigandi atriða varðandi öryggisfjarlægðir en reglur annarra landa, sjá töflu A.1 í tækniforskrift ISO/TS 19880-1 [5]. Öryggisfjarlægðir samkvæmt [6] eru sýndar í töflu 1 hér að neðan. Helstu fjarlægðir í næstu mannvirki eru jafnframt sýndar á mynd 3.

Tafla 1: Öryggisfjarlægðir vetrissstöðva skv. kanadískum reglum [6]

Atriði	Öryggisfjarlægð <sup>1</sup>	Athugasemdir
Vinna með neistamyndandi búnað, opinn eldur, suðuvinna	7,6 m	Vetrissstöðin er varin af steyptum vegg á þremur hliðum og öryggisgirðingu á þeirri fjórðu. Auk þess er vinna sem þessi ekki fyrirsjáanleg við stöðina og því er hættan af þessum völdum lágmöruð. Vegna vinnu innan stöðvarinnar og í næsta nágrenni hennar verða settar verklagsreglur sem m.a. skulu fjalla um um heita vinnu, neistamyndandi búnað o.fl. í samræmi við fyrirmæli ISO/TS 19880-1 [5].
Fljótandi eldsneyti ofanjarðar, t.d. eldsneytisgeymir eða olíubíll.	7,6 til 15,2 m	Enginn eldsneytisgeymir er ofanjarðar innan þessara marka. Áfylling neðanjarðar-olíugeymis af olíubíll er staðsett norðan megin við stöð. Minnsta fjarlægð frá olíubíll að vetriflöskum er um 7,5 m. Flöskurnar eru varðar af REI-M 120 steyptum, 3 m háum vegg og því telst þessi öryggisfjarlægð vera ásættanleg.
Bygging með brennanlegt efni	15,2 m	42 m eru í næstu byggingu (veitingaskáli við bensínstöð).
Lóðamörk	1,5 m	Fjarlægð í lóðamörk er alstaðar meiri en 1,5 m.
Almenningsvegir	4,6 m	Frá eldvarnarvegg stöðvarinnar að sérmerktri strætisvagnaleið eru um 8 m. Lengra er í aðra almenningsvegi.
Bílastæði	4,6 m	Stysta fjarlægð í næsta merkta bílastæði er um 38 m. Bifreiðastöður verða bannaðar fyrir framan öryggisgirðingu og hlið stöðvar.
Skólar / sjúkrahús og aðrir stærri almennингssamkomustaðir	15,2 m	Kringlan er í um 130 m fjarlægð frá stöðinni. Háaleitisskóli-Álfamtáryi er í um 200 m fjarlægð, íþróttahús Fram í um 165 m fjarlægð og frístundaheimili í 117 m fjarlægð. Aðrir almennингssamkomustaðir eru lengra frá.

<sup>1</sup> Allar fjarlægðarkröfur miðast við að engir eldvarnarveggir umlyki stöðina en í staðlinum er tekið fram að sé settur upp 2 tíma brunaveggur þá gilda ekki lengur fjarlægðarkröfur eins og þær sem eru sýndar í töflu 1.



Mynd 3. Helstu fjarlægðir frá vetrnissstöðinni að næstu mannvirkjum.

### 3.3 Sprengihættur (ATEX)


ATEX svæði, þ.e. svæði þar sem sprengifimt andrúmsloft getur myndast, hafa verið skilgreind fyrir stöðina af framleiðanda. Sprengihættusvæði ná ekki út fyrir öryggisgirðingu og veggi stöðvarinnar, nema annars vegar við afgreiðslubúnað, sem staðsettur verður hjá öðrum afgreiðslutækjum bensínstöðvar, og hins vegar við útloftunarrör, í um 5 m hæð yfir jörðu. Stöðin er, eins og áður segir, CE-merkt sem heild og því eru allar kröfur samkvæmt ATEX tilskipunum Evrópusambandsins varðandi búnað [7] og vinnuumhverfi [8] uppfylltar. Þar með eru kröfur íslensku reglugerðarinnar nr. 349/2004 [9] uppfylltar enda byggir reglugerðin á ATEX-vinnustaðatilskipuninni [8].

## 4. Niðurstaða

Öll stöðin eru hönnuð og uppsett í samræmi við evrópskar tilskipanir og reglur sem staðfest er með CE merkingu allra hluta hennar og stöðvarinnar í heild. Stöðin er jafnframt gerð í samræmi við ISO/TS 19880-1 [5] sem á að tryggja að nýjustu og ítrustu öryggiskröfum sé fullnægt. Stöðin telst uppfylla allar tilskyldar kröfur með tilliti til brunavarna og annarra öryggisráðstafana.

## Heimildir

- [1] *Lög nr. 75/2000 um brunavarnir.*
- [2] *Byggingarreglugerð nr. 112/2012.*
- [3] *SAE J2601: Fueling Protocols for Light Duty Gaseous Hydrogen Surface Vehicles*, SAE International.
- [4] *SAE J2799: Hydrogen Surface Vehicle to Station Communications Hardware and Software*, SAE International.
- [5] *ISO/TS 19880-1:2016 - „Gaseous hydrogen -- Fueling stations -- Part 1: General requirements“.*
- [6] *Canadian Hydrogen Installation Code (CHIC) - CAN/BNQ 1784-000/2007.*
- [7] *ATEX 95 directive 2014/34/EB, Equipment and protective systems intended for use in potentially explosive atmospheres.*
- [8] *ATEX 137 directive 1999/92/EC, Minimum requirements for improving the safety and health protection of workers potentially at risk from explosive atmospheres.*
- [9] *Reglugerð nr. 349/2004 um sprengifímt andrúmsloft á vinnustöðum.*



breyting dags unnið  
**A** 20.11.2018 eþ  
 Vetnisstöð hliðrað til og tæknirými bætt við.

**Miklabraut 101**  
**Vetnisstöð - Viðskipta og þjónustulóð**  
 Landnúmer 103737  
 Staðgreinir 0-1-1285001  
 Lóð 2334,0 m<sup>2</sup>

**Vetnisstöð**  
 Verið er að opna vetnisafgreiðslustöð, með einni afgreiðsludælu, sem er bætt við núverandi dælur, ásamt tæknirými og búnaði. Áfylling og öndun á núverandi neðanjarðarölugeynum færir norðar á lóðinni ásamt því að gert er ráð fyrir nýri aðkomu inn að lóð frá afrein af Miklabraut sem er æftulið olíuflutningabílum. Að auki er æskilegt að vanda til frágangs við vetnisstöðina, þannig að ásýnd og útlit verði til fyrirmyndar og jafnframta að gróðursetja að einhverju leyti í kringum vegginn við vetnisstöð.

Vetnisstöðin við Miklabraut er samsett úr einingum sem hver um sig og sem ein heild er CE merkt. Vetnisstöðin sem heild er afhent og uppsett af framleiðanda, tilbúin til rekstrar og afgreiðslu vetríns á vetnisbifreiðar. Vetríð er framleitt með rafgreini og flutt til stöðvarinnar með flutningseinungum við 200 bar þrýsting. Vetnisstöðin er hönnuð til að afgreiða vetríngas á fólksbíla við 700 bar þrýsting. Afköst afgreiðslustöðvarinnar eru allt að 212 kg á sólahring miðað við 700 bar þrýsting.

Flutningseining er tengd við stöðina og gasbjappa í afgreiðslustöð þjappar vetrí af henni og inn á afgreiðslugeymslu sem er undir 450-900 bar þrýstingi. Vetríð er síðan afgreitt af geymlunni og yfir á ökutæki með afgreiðslubúnaði. Afgreiðslunin er stýrt úr afgreiðslustöð bar sem vetríð er kælt í -40° C og örugg afgreiðsla á ökutæki tryggð. Afgreiðslan uppfyllir og er í samræmi við alþjóðlega staðla SAE J2601 og J2799 sem krafist er af bilaframleiðendum. Allur búnaður stöðvarinnar verður prófaður, teknin út og

staðfestur af bilaframleiðendum fyrir notkun og með því staðfest að hann sé í samræmi við SAE J2601 staðalinn.

Nánar verður gerð grein fyrir búnaði á séruppráttum hönnuða.

**Tæknirými**  
 Tæknirýminu er haldið frostfríu með lágmarks upphitun. Undirstöður, norður- og vesturveggur eru steypir og einangráðir að innan með 75mm einangrun og múrhúð yfir. Suður- og austurveggur eru úr trégrind með einangrun og klæðast að innan með rakaheldum gífsplötum. Að utan eru trégrindarveggir klaeddir með VIROC plötum. Þak er klætt að innan með gífsplötum en að ofan með krossvið og tjörupappa.

Fjöldi bílastæða á lóð er í samræmi við gildandi deiliþipulag.

#### Stærðir skv. skráningartöflu:

Fyr mhl 04	
Flatarmál vetnisstöð	26,5 m <sup>2</sup>
Flatarmál tæknirými	7,5 m <sup>2</sup>
Heildarflatarmál mhl. 04	<u>34,0 m<sup>2</sup></u>
Rúmmál vetnisstöð	81,0 m <sup>3</sup>
Rúmmál tæknirými	25,3 m <sup>3</sup>
Heildarrúmmál mhl. 04	<u>106,3 m<sup>3</sup></u>
Birt flatarmál vetnisstöð	26,5 m <sup>2</sup>
Birt flatarmál tæknirými	7,5 m <sup>2</sup>
Birt flatarmál mhl. 04	<u>34,0 m<sup>2</sup></u>
Skiptarúmmál vetnisstöð	68,624 m <sup>3</sup>
Skiptarúmmál tæknirými	17,49 m <sup>3</sup>
Skiptarúmmál mhl. 04	<u>86,114 m<sup>3</sup></u>

Núverandi annað byggingarmagn á lóð:  
 mhl 01 Verslunarhús 108,8 m<sup>2</sup>  
 mhl 02 Eldsneytisgeymir 54,8 m<sup>2</sup>  
 mhl 03 Birgðageymir 14,3 m<sup>2</sup>

#### nh. samtals á lóð 0,09

#### Pípur og lagnir

Allar pípur, lagnir og tengistykki uppfylla tilskylðar kröfur, til að mynda um efnisgæði og þrýstibol, enda er stöðin CE-merkt sem heild og allar evrópskar kröfur því uppfylltar. Pípur og lagnir milli aðskilinna hluta stöðvarinnar eru festar innan á veggi eða grafnar í jörðu og er frágangur í samræmi við særskar leiðbeiningar fyrir gasafgreiðslustöðvar, TSA 2015.

#### Brunavarnir

Nánar er fjallað um brunavarnir vetrínsafgreiðslustöðvar og viðeigandi búnaðar í greinargerð Mannvits um brunahönnun fyrir stöðina, dagsett í ágúst 2018.

Stöðin er hönnuð og uppsett á grunni alþjóðlegrar tækniforskriftar fyrir vetrínsafgreiðslustöðvar, ISO/TS 19880-1:2016 „Gaseous hydrogen - Fueling stations - Part 1: General requirements“. Allur búnaður í stöðinni er CE merktur í samræmi við viðeigandi Ervóputilskipanir. ATEX svæði, þ.e. sprengihættusvæði, hafa jafnframta verið skilgreind fyrir stöðina, sjá nánar í greinargerð Mannvits.

Stöðin er útbúin með vetrísskynjurum, brunaskynjurum og reykskynjurum. Við leka á vetrí eða brunaboð lokar stöðin sjálkrafa og kerfislagnir eru tæmdar sjálfvirkt um útloftunarrör. Í

þjöppurými verður jafnframta settur upp reykskynjari, tengdur við viðurkennda vaktstöð. Hnappar fyrir neyðarstopp verða jafnframta staðsettir á viðeigandi stöðum eins og aðaluppdráttur sýnir.

Lagnir og forðageymslur fyrir vetrí eru allar tengdar við öryggisloka sem hleypa gasi út við tiltekinn yfirþrýsting. Með þessu er komið í veg fyrir að lagnir og hylki rofni vegna þrýstíraunara. Framleiðandi hefur í tengslum við CE vottun stöðvarinnar látið gera ítarlega áhættugreiningu sem á að tryggja að viðeigandi varnarbúnaður sé ávaltt til staðar. Útdrátt úr áhættugreiningunni er að finna í viðauka við greinargerð Mannvits um brunahönnun stöðvarinnar. Helstu lágmarksfjárlægdir að öðrum mannvirkjum eru skv. ISO/TS 19880-1:2016, sjá nánar í greinargerð Mannvits.

Vetrí verður ekki framleitt í afgreiðslustöðinni heldur flutt þangað í sérstökum TPED vottuðum flutningseinungum. Flutningseinungarnar verða síðan tengdar við stöðina og vetrínu þjappað inn á staðbundna vetrísgreymslu og þao síðan afgreitt á ökutæki. Vetrísgreymslur verða staðsettar þannig að ytri hættur eiga ekki að geta ógnað þeim. Meðal annars verður járnþentur steinsteypuveggur, sem nær að lágmarki 0,5 m upp fyrir hæsta punkt á flutningseiningu, reistur til að varna mögulegum ytri hættum frá aðliggjandi umferðargötum og áfyllingarplani fyrir olíuflutningabíla.

Veggir og öryggishlið utan um stöðina hindra óviðkomandi aðgengi og tryggja að kröfur um öryggisfjárlægdir eru uppfylltar skv. ISO/TS 19880-1:2016, sjá nánar greinargerð Mannvits. Gönguhurðir, opnanlegar innan frá, verða á mótiægum hlíðum stöðvarinnar til að tryggja örugar flóttaleiðir frá stöðinni í neyðartilvikum.

Mannvirki bensínstöðvar eru staðsett samkvæmt reglum um brunavarnir bensínstöðva.

Reykingar og meðferð opins elds er bönnuð á allri lóðinni.

Handsíkvbúnaður verður staðsett samkvæmt leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar og fyrirmælum eldvarnareftirlits.

Reglulegt eftirlit verður með öllum búnaði í stöðinni og allir hlutir m.a. lekaprófaðir skv. fyrirmælum framleiðanda búnaðarins. Virkt eigið eftirlit og viðhald með brunavörnum í stöðinni skal vera uppsett ásamt viðeigandi viðbragðsáætlunum. Gera skal sérstaka aðkomuáætlun fyrir slökkvilið í samráði við Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins.

#### Aðaluppdráttir


verk	Miklabraut 101
verkkaupi	Vetnisstöð
heiti	Íslenska Vetrísfelagið
mkv.	Afstoðumynd
dags	27.08.2018
hannað	eþ/gov
teiknað	eþ

G.Oddur Víðisson  
arkitekt FAÍ  
220564-4369

**d a p**  
development architecture property  
Tjarnargata 4 101 Reykjavík  
s 6604200 arkitekt@dap.is www.dap.is

verknr. teikning breyting  
16-09-N (99)1.01 A

breyting dags unnið  
**A 20.11.2018 eþ**  
Vetnisstöð hliðrað til og tæknirými bætt við.



Sérmerkt leið strætisvagn

Miklabrau

 MANNVIT hf.  
Kt. 430572-0169  
Bænumvarnir yfirfarnar  


---

verk	Miklabraut 101 Vetnisstöð
verkkaupi	Íslenska Vetnispélagið
heiti	<b>Grunnmynd</b>
mkv.	A1 1:100
dags	27.08.2018
hannað	eb/gov
teiknað	ab

---

---

G.Oddur Víðisson  
220564-4369

# d a p

development architecture property


Tjarnargata 4 101 Reykjavík  
s 6604200 arkitekt@dap.is www.dap.is

---


verknr. teikning breyting  
16-09-N (99)1.02 A




Útlit Austur




Snið B\_B



Útlit Suður



Útlit Norður



Útlit Vestur



Snið A\_A

breyting dogs unnið  
A 20.11.2018 eb  
Vetnissöð hlíðað til og tæknirými bætt við.

MANNVIT hf.  
KL 430572-0169  
www.mannvit.is  
*[Handwritten signature]*

verk	Miklabraut 101 Vetnissöð
verkkaupi	Íslenska Veltisfélögð
heiti	Útlit/Snið
mkv.	A1 1:100
dags	27.08.2018
hannað	ep/gov
teiknað	ep

G.Oddur Viðísson  
220564-4369

arkitekt FAÍ

dap  
development architecture property

Tjarnargata 4 101 Reykjavík  
s 6604200 arkitekt@dap.is www.dap.is

verknr. teikning breyting  
16-09-N (99)1.03 A